



Reykjavík, 9. apríl 2024

MSS23070094

Borgarráð

Erindisbréf starfshóps um leigumarkað í Reykjavík

Hjálagt erindisbréf starfshóps um leigumarkað í Reykjavík er lagt fram. Starfshópurinn skilgreini nánar inntak og umfang leigumarkaðsins í Reykjavík og rýni stjórnarsýslu húsnæðismála í Reykjavík með það fyrir augum að skila tillögum til borgarráðs fyrir lok júní 2024 um hvernig eftirliti verði best fyrir komið.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:
Erindisbréf starfshóps um leigumarkað í Reykjavík.



Reykjavík



ERINDISBRÉF

Starfshópur um leigumarkaði í Reykjavík

Ábyrgðaraðili: Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Þann 27. júlí 2023 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram tillögu í borgarráði um að Reykjavíkurborg setji á laggirnar leigumarkaðsnefnd með það hlutverk að hafa eftirlit með framboði á húsnæði og stöðu leigjenda í Reykjavík. Í tillögunni kom fram að staða leigjenda væri mjög bágborin og brýnt að koma á virku eftirliti með leigumarkaði svo grípa megi inn í og verja leigjendur þegar á þurfi að halda. Tillagan var lögð fram að nýju fimmtudaginn 11. janúar 2024 en frestað og tekin fyrir á ný fimmtudaginn 29. febrúar 2024, ásamt umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarrita. Á fundinum var samþykkt breytingartillaga formanns borgarráðs við tillöguna og fólst hún í því að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að gera drög að erindisbréfi starfshóps um leigumarkað í Reykjavík. Þar er tekið undir með tillöguhöfundum um mikilvægi þess að Reykjavíkurborg hafi góða yfirsýn og gögn um stöðu á húsnæðismarkaði, þ.m.t. á leigumarkaði, til að undirbyggja og auðvelda vandaðar ákvarðanir um mögulegar aðgerðir í málaflokknum. Hins vegar var ekki mælt með tillögu um að stofna sérstaka leigumarkaðsnefnd en þess í stað að gera drög að erindisbréfi starfshóps um leigumarkað í Reykjavík sem í sitji fulltrúar velferðarsviðs, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og e.a. annarra sviða og skrifstofa.

Hlutverk:

Skoða hvaða nálgun sé heppilegust til að koma á virkara eftirliti með leigumarkaði í Reykjavík og afla betri gagna og miðla um það upplýsingum til kjörinna fulltrúa og almennings.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Leggja fram tillögur til borgarráðs um fyrirkomulag virkara eftirlits með leigumarkaði í Reykjavík.
- Leggja fram tillögu um hvernig hægt er að ná betri yfirsýn yfir leigumarkaðinn í samstarfi við helstu hagaðila m.a. til að reyna að kortleggja framboð á leigumarkaði eins og kostur er.

Starfshópurinn skipa:

- Hilmar H. Magnússon, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður)
- Bjarki Hermannsson, fulltrúi velferðarsviðs
- Halla Björg Evans, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs



**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á, m.a. til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Félagsbústaði og Samtaka leigjenda á Íslandi.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum vegna helstu verkefna fyrir lok ágúst 2024.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri



Reykjavík